

13. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 4. september kl 17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson, ritari og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla og Halla Karí Hjalted formaður tækninefndar kvenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum.

Friðbjörn Möller, gjaldkeri, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Axel Bragason formaður tækninefndar karla og Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum boðuðu forföll.

Formaður setur fundinn kl 17.05.

Dagskrá

1. Tímasetning á formannafundi.

Lagt er til að formannafundur FSÍ verði laugardaginn 22 september nk. Samkvæmt 20 gr. laga Fimleikasambands Íslands kemur fram að:

Stjórn FSÍ, aðal- og varamenn, og formenn deilda/ innan héraðssambanda/íþróttabandalaga/fimleikaráða skipa formannaráð. Það skal kallað saman minnst einu sinni á ári. Stjórn FSÍ ákveður fundarstað og fundartíma. Að jafnaði skal boða til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Formannaráð er ráðgefandi fyrir stjórn FSÍ varðandi starfsemi sambandsins og málefni hreyfingarinnar.

Þeir sem skipa formannaráð skulu senda tilkynningu um málefni sem þeir óska eftir að fjallað verði um á fundinum eigi síðar en viku eftir dagsetningu fundarboðs.

Á formannaráðsfundi skal stjórn FSÍ kynna fyrirhugað starf sambandsins, mót og keppnismöguleika erlendis, skipulag verkefna innan lands og erlendis og kostnaðaráætlun slíkra verkefna. Einnig skulu kynntar breytingar á reglum sambandsins, nýngar og breytingar á regluverki þeirra samtaka sem FSÍ er aðili að og annað er varðar íþróttina og rekstur sambandsins.

Málið rætt

Samþykkt að boða formannafundur FSÍ laugardaginn 22 sept. 2012. Framkvæmdarstjóra falið að boða fundinn og óska eftir dagskráliðum á fundinn frá aðildarfélögum FSÍ. Dagskrá fundarins lögð fram til samþykktar á næsta stjórnarfundum FSÍ.

2. Skipan og hlutverk Fjáröflunarnefndar

Í lög FSÍ er stjórn FSÍ er heimilt að skipa nefndir um tímabundin og afmörkuð verkefni. Á 8. stjórnarfundum FSÍ var ákveðið að stofna fjáröflunarnefnd.

Tillaga hlutverk nefndarinnar er að hafa frumkvæðið að nýjum fjáröflunarleiðum og fylgjast með því að fjáröflunarleiðir einstakra nefnda í nafni félagsins rekist ekki á. Hlutverk nefndarinnar er að hafa frumkvæðið að nýjum markaðs- og fjáröflunarleiðum. Stjórn kys fimm menn í fjáröflunarnefnd til eins árs í senn. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Fjáröflunarnefnd skal skila starfsyfirliti í lok starfsárs.

Málið rætt

Samþykkt að stofna til markaðs- og fjáröflunarnefndar og að stjórnarmenn komi með tillögur að fulltrúum í þessa nefnd.

3. Fulltrúar í starfshópi fyrir undirbúning á Fimleikahátíð FSÍ.

Eftirfarandi aðilar hafa verið tilnefndir sem fulltrúar í nefndina; Fulltrúi stjórnar FSÍ Einar Ólafsson, Fulltrúi TKV Halla Kari Hjaltested, Fulltrúi THF Íris Svavarsdóttir, Fulltrúi FFA Hlíf Þorgeirsdóttir sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Ekki hafði borist tilnefning frá TK.

Málið rætt

Fulltrúar nefnda eru samþykktir. Starfstímabil nefndar er ákveðið frá september til loka nóvembers 2012.

4. Tillaga að fararstjóra fyrir Norður-Evrópumeistaramótið 18-20.október

Í drögum að ferða og starfsreglum fararstjóra kemur fram að hópurinn leggur til að fararstjóri verði á öllum mótum og keppnum á vegum FSÍ. Þar kemur eining fram að „*Fararstjóri fer (fari) með æðsta vald og ábyrgð á meðan ferð stendur og er ábyrgur gagnvart stjórn FSÍ.*“

Til að svo megi vera þarf stjórn FSÍ að tilnefna og samþykkja fararstjóra. Eða sviðstjóri landliðsmála þegar sú staða verður að veruleika.

Málið rætt

Samþykkt að leita til Davíðs Ingasonar, verkefnastjóra í áhaldafimleikum, um að taka fararstjórn að sér í þessu verkefni.

5. Erindi frá FFA vegna FIG Colloquim 2012

Stjórn FSÍ barst erindi frá nefnd um fimleika fyrir alla dagsett 29.ágúst 2012.

„Við í FFA óskum eftir að fá að senda aðila á FIG Colloquim 2012 í Helsinki dagana 22-25 nóvember 2012. FIG greiðir kostnað vegna námskeiðs, einhvern mat og 3 nætur á hóteli og en FSÍ þyrfti að greiða flug og auka nött ef þarf á hóteli.

Þetta árið verður rætt um Gymnaeströdu (en hún verður einmitt haldin í Helsinki árið 2015), og almennt um fimleika fyrir alla. Þar verður farið í samskipti, gildi FFA, nýjar áherslur ný mót/hátíðir og í raun rætt um hvert stefna eigi í framtíðinni með fimleika fyrir alla. Það sem mestan áhuga okkar vekur er að samhliða þessu ætla þau hjá FIG að bjóða upp á vinnubúðir fyrir þá sem áhuga hafa á því að verða „evaluation“ (dómarar/matsmenn) á Gym for Live Challenge. Þær vinnubúðir myndu hjálpa okkur við að koma okkar sýningarkeppni af stað og gott að fá að móta þetta með þeim.

Síðasti dagur til að sækja um er 7. september og vonumst við því til að stjórnin taki ákvörðun sem fyrst svo framkvæmdarstjóri geti pantað sem ódýrast flug.“

Málið rætt

Samþykkt að FFA fái að senda út 1 fulltrúa á námskeiðið og að FFA tilnefni hvaða einstakling verði boðið að fara út. Framkvæmdastjóra er falið að fylgja málinu eftir og gera viðeigandi ráðstafanir varðandi flug og skráningar.

6. Erindi frá TKV, tilnefning þjálfara á NEM.

Á 12. fundi stjórnar FSÍ var samþykkt að óska eftir tilnefningum um þjálfara frá tækninefnd karla og tækninefnda kvenna. Samþykkt var að senda 2. kvenna þjálfara og 1. karla þjálfara.

30 ágúst sl barst stjórn FSÍ tilnefning frá tækninefnd kvenna um 2. þjálfara á Norður Evrópumótið

Tilnefndir þjálfarar kvenna fyrir Norður- Evrópumótið eru Guðmund Þ. Brynjólfsson og Berglindi Pétursdóttur.

Ekki hefur borist tilnefning frá TK.

Málið rætt

Samþykkt að Guðmundur Þ. Brynjólfsson og Berglind Pétursdóttir verði þjálfara kvennalandsliðs Íslands á Norður- Evrópumóti í Glasgow 19-21 október nk.

7. Erindi frá TKV, NEM landsliðsæfingar, greiðslur fyrir þjálfun

Stjórn FSÍ barst tillaga frá Tækninefnd kvenna dagsett 30. ágúst 2012.

„Tækninefnd kvenna óskar eftir því að fagaðili taki að sér að sjá um landsliðsæfingar fram að Norður-Evrópumóti. Þegar núverandi tækninefnd tók við störfum gerði hún stjórn FSÍ grein fyrir því að hún myndi ekki stýra æfingum eða taka einhliða ákvarðanir varðandi landsliðsmál. Á fundi með stjórn var okkur gert grein fyrir því að hún myndi aðstoða okkur í þessum málum. Nú er sú staða komin upp enn á ný að við tkv stöndum frammi fyrir því að sjá um landsliðsæfingar ásamt því að velja í liðið. Þess vegna leggjum við til að sá aðili sem taki þetta verkefni að sér fái fyrir það greitt. Verkefnið felur í sér að mæta á fjórar 3 klst æfingar og vera Tkv ráðgefandi varðandi val á liðinu. Tkv mun að sjálfsögðu vera viðstödd æfingar, aðstoða við dómgæslu og fylgjast með því hvernig þessi vinna fer fram.“

Málið rætt

Bókun: Ljóst

Fyrirkomulag á þjálfun keppenda er og hefur verið á forræði aðildarfélaga FSÍ. Þjálfarar eru ráðnir til fimleikadeilda/félaga og heyra undir stjórn þess félags/deilda. Skilningur og umburðarlyndi hefur verið hjá launagreiðenda að „lána“ félagsþjálfara til verkefna á vegum FSÍ. Í fyrsta lagi hafa félagsþjálfarar mætt með sínum iðkenda á samæfingar sem tækninefndir FSÍ hafa boðað til, og í öðru lagi hefur tilnefndur landsliðsþjálfari verið á launum hjá sínum launagreiðenda í ferðum og verkefnum á vegum sambandsins án launaskerðingar. Slíkt umburðarlyndi einkennir flesta atvinnurekendur á landinu þegar kemur að verkefnum á vegum ÍSÍ og aðildarfélaga þess og er til að mynda skrifað í samkomulagi við ríki og sveitafélög. Það er lofsvert enda er starfsemi ÍSÍ að stærstum hluta byggt á sjálfbóðaliðastarfi sem samfélagið telur verðmætt. Þannig hafa aðildarfélög okkar í gegnum tíðina borið hluta af kostnaði við ferðir þjálfara og dómara erlendis. Fimleikasambandið hefur greitt flug, gistingu og upphald en ekki launagreiðslur né dagpeninga til þjálfara né dómara.

Með hugmyndum um úrvalshópa FSÍ hafa komið fram tillögur um að einn eða fleiri þjálfari beri ábyrgð á verkefninu fram yfir keppni. Þeirri ábyrgð fylgja skyldur og margir telja að því verði ekki mætt nema með launagreiðslum til viðkomandi þjálfara.

Tillaga TKV byggir á þeirri hugmynd að TKV tilnefni landsliðsþjálfara sem mun bera ábyrgð á skipulagningu æfinga og taki ábyrgð á vali í samvinnu við TKV á kvennalandsliði Íslands fyrir Norður-Evrópumótið sem halda á dagana 19. – 21. október nk., og fyrir þá vinnu fái landsliðsþjálfari umbun í formi launagreiðslna. Skilja verður erindi TKV þannig að nefndin óski eftir að launagreiðslur komi frá FSÍ.

Um nokkurt skeið hafa verið í gangi úrvalshópar í hóp fimleikum vegna Evrópumótsins í hóp fimleikum 18.-20. október nk. og með þeim rökum sem að framan greinir hafa iðkendur/félög borið kostnað af viðbótarþjálfun sem hlýst af landsliðsverkefnum. Það hefur gilt hvort sem iðkandi er í úrvalshópi / landsliðshópi eða landsliði. Stjórn FSÍ telur að sú ráðstöfun sé ekki eins og best verður á kosið og telur að framtíðarstefna sambandsins eigi að vera sú að iðkendur í fremstu röð ættu ekki að þurfa að bera svo mikinn kostnað af æfingum og keppni þegar þeir keppa á mótum fyrir hönd Íslands.

Stjórn FSÍ felst á að rök TKV um að nauðsynlegt sé að hafa þjálfara sem skipuleggi landsliðsæfingar og val á landsliði. Jafnframt felst stjórn FSÍ á þau rök TKV að ekki sé hægt að fela einstaklingi þá ábyrgð nema að í því felist umbun. En eins og staðan er í dag hefur FSÍ ekki fjármagn til að taka á sig kostnað af þjálfun afreksmanna/efna og þarf því enn um sinn að horfa til samvinnu við aðildarfélög FSÍ. Sama gildir um launakostnað tilnefnds landsliðsþjálfara vegna Norður-Evrópumótsins, eins og ósk TKV kveður á um. Stjórn FSÍ verður því að hafna erindi nefndarinnar um að sambandið greiði laun landsliðsþjálfara í áhaldafimleikum vegna Norður-Evrópumótsins.

Sambandið mun innheimta hjá iðkendum í úrvalshópi/landsliðshópi hóflegt gjald fyrir hverja samæfingu sem rennur til tilnefndra landsliðsþjálfara fyrir Norður-Evrópumót í áhaldafimleikum sem fram fer dagana 19. – 21. október 2012.

Að lokum er það mat stjórnar FSÍ að útfærsla TKV um val á landsliðsþjálfara sé á skjön við hugmyndir stjórnar um ráðningu landsliðsþjálfara. Útfærsla TKV er á þá leið að TKV tilnefni þjálfara án auglýsingar. Stjórn telur að allar launaðar stöður FSÍ eigi að auglýsta og val á þjálfara fari fram að undangenginni auglýsingu þar sem fram koma hæfniskröfur og aðrar þær skyldur sem stjórn og tækninefndir telja að landsliðsþjálfari þurfi að uppfylla.

8. Erindi frá Gerplu „ósk um breytingu á aldursflokkum í 5.þepi karla

Stjórn FSÍ barst erindi frá Íþróttafélaginu Gerplu dagsett 31.ágúst 2012

„Efni: Beiðni um breytingu á aldursflokkum, Íslenski fimleikastiginn í áhaldafimleikum karla – 5.þep

Íþróttafélagið Gerpla kt 700672-0429 hefur eftirfarandi drengi á skrá sem óska eftir að stunda áhaldafimleika í vetur í 5.þepi íslenska fimleikastigans. Þeir munu allir verða útilokaðir frá keppni frá og með áramótum í samræmi við reglur íslenska fimleikastigans eins og þær eru í dag. Þetta eru alls 21 drengir:“

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkti móta og keppnisreglur á 12. fundi stjórnar FSÍ sem haldinn var 16. ágúst 2012, með þeim fyrirvara um að aldurstenging í þrepum karla í áhaldafimleikum verði endurskoðuð. Ljóst er vegna erindis Gerplu þá er ekki hægt að bíða með þessa breytingu fram á næsta keppnistímabil og því leggur stjórn til að breyting verði gerð á aldurstengingu þrepa karla í íslenska fimleikastiganum og breyting verði gerð á aldri í samræmi við þrep íslenska fimleikastiga kvenna (3-5 þrep 9 ára, 10 ára; 1-5 þrep 11 ára, 12 ára, 13-15 ára).

9. Fyrirspurn frá TKV vegna stöðu landsliðsmála.

Stjórn barst fyrirspurn frá TKV dagsett 30. ágúst sl.

Fyrirspurn lögð fram.

„Tækninefnd kvenna óskar eftir upplýsingum um stöðu landsliðsmála. Á síðasta fundi var rætt um landsliðsþjálfara og sviðsstjóra landsliða. Við veltum því fyrir okkur hvernig sú vinna fer fram og hverjir standa að henni, af því að það eru ekki tækninefndir kvenna né karla. Við viljum að sjálfsgöðu að þessi vinna fari fram og er hún löngu tímabær en það verður að gera á faglegan og vandvirkan hátt. Jafnframt spyrjum við af hverju stjórn FSÍ er tilbúin að búa til 60% stöðu fyrir sviðsstjóra sem sinnir mest skrifstofuvinnu en hefur ekki áhuga á að leggja til fjármagn í faglegt starfsfólk út á gólfinu sem við teljum vera mikilvægasti þáttur þess að ná framförum. Til dæmis væri hægt að skapa 100% stöðu innan FSÍ. Henni yrði skipt niður á fjóra aðila, sviðsstjóra, landsliðsstjóra kvenna, karla og hópfimleika. FSÍ myndi greiða 60% af launakostnaði og aðildarfélög 40% á móti. „

10. Kaup á landsliðsfatnaði vegna Evrópumeistaramóts í Hópfimleikum.

Lagt fram drög að kostnaðaráætlun vegna kaups á landsliðsfatnaðs fyrir EM sem haldið verður í Aarhus, Danmörku, 18-20.október 2012.

Málið rætt

Fjárhagsáætlun vegna landsliðsfatnaðar vegna Evrópumóts í Hópfimleikum er samþykkt. Keppnisgalli verður í eigu FSÍ, en landsliðsfólki verði boðið 66°N peysa, taska og utanyfirgalli til eigna gegn ákveðnu gjaldi. Framkvæmdastjóra og verkefnatjóra í hópfimleikum er falið að koma með úrfærslu á þessu máli.

Fundi slitið kl.20:05